

Stjórnarfundur í Geðhjálp 26.11.20 kl. 16:30

Mætt: Héðinn Unnsteinsson, Sigríður Gísladóttir, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Hlynur Jónasson, Kristinn Tryggvi Gunnarsson og Halldór Auðar Svansson sem ritaði fundargerð.

Einnig: Grímur Atlason, framkvæmdastjóri

1. Fundargerð frá 29.10.2020

Stjórn samþykkir fundargerð síðasta fundar.

2. Fjárhagsáætlun 2021 (GA og KTG)

Framkvæmdastjóri og gjaldkeri kynna drög að fjárhagsáætlun Geðhjálpar fyrir árið 2021. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna öflunar styrktarféлага aukist um 18 mkr. á árinu en á móti komi tekjuaukning upp á 33 mkr. Framlag frá félagsmálaráðuneytinu er áætlað 22 mkr. Gert er ráð fyrir lögfræðimenntuðum starfsmanni við ráðgjöf fyrstu þrjá mánuði ársins og verkefnastjóra í 70% stöðu frá 1. mars. Gert er ráð fyrir tveimur stórum ráðstefnum á árinu. Stjórn samþykkir fjárhagsáætlunina.

3. Our Time (HU)

Sigríður Gísladóttir stjórnarmaður og varaformaður hefur lagt mikla vinnu í að koma Our Time af stað og nú er svo komið að það væri hagur allra að fá hana inn sem launaðan starfsmann til að halda þeirri vinnu áfram af fullum krafti. Samhliða því myndi hún segja sig frá stjórnarsetu. Formanni er falið að útfæra ráðningasamning við hana og leggja fram á næsta stjórnarfund.

4. Hagsmunagæsla (HU)

Formaður rekur það að samhliða áttakinu 39.is og umræðu um Arnarholt hafi verið að berast mikið af ábendingum og erindum til samtakanna sem varða réttindi skjólstaðinga geðheilbrigðiskerfisins. Skýr eftirspurn er því eftir ráðgjöf á þessu sviði og í því skyni er þannig gert ráð fyrir að fá lögfræðimenntaðan ráðgjafa til starfa á næsta ári, sbr. fjárhagsáætlun. Framkvæmdastjóri hefur verið í viðræðum við Sonju Símonardóttur upp á að ráða hana í stöðuna. Stjórn samþykkir að hún verði ráðin strax frá 1. desember. Formaður vikur af fundi við afgreiðslu málsins sökum fjölskyldutengsla.

5. Önnur mál

Formaður og gjaldkeri rekja starfsmannaviðtal við framkvæmdastjóra sem vikur af fundi á meðan. Stjórn samþykkir bókun við launalið ráðningarsamning framkvæmdastjóra.

Formaður nefnir að heilbrigðisráðuneytið hefur komið að máli við sig til að óska eftir þátttöku Geðhjálpar í vinnu við nýja geðheilbrigðisstefnu. Vinnan hefst 9. desember nk.

Formaður leggur til að sent verði minnisblað til landlæknis um orðanotkun á geðheilbrigðissviði þar sem áherslur Geðhjálpar eru raktar.

AS
HAS
Sb
GK


Rætt um handleiðslu fyrir stjórnina. Framkvæmdastjóra er falið að finna sálfræðing sem getur tekið stjórnina í handleiðslu tvisvar á ári. Útfærsla á því verði lögð fram á næsta stjórnarfundi.

Formaður og framkvæmdastjóri rekja hvernig Geðhjálp hefur átt farsælt samstarf við þroskahjálp um að takast á við umræðuna um Arnarholt og réttindamál sem spretta upp frá henni. Stjórn er sátt við þetta fyrirkomulag.

Rætt um ályktun sem framkvæmdastjóra var falið á síðasta stjórnarfundi að vinna um geðheilbrigði á vinnustöðum en er ekki tilbúin. Formanni, Halldóri og Hlyni er í stað hans falið að vinna ályktunina og leggja fram á næsta stjórnarfundi.

Rætt um Bataskóla Íslands. Formaður og framkvæmdastjóri ásamt Elinu Ebbu og Sigríði munu funda á næstunni með Halldóri formanni stjórnar BÍ til að fara yfir stöðuna þar.

Fundi slitið kl. 18:30



Kristinn Gunnarsson
Halldór Arnar Sveinsson
Sigríður Eitladóttir
Þorinn Þorsteinsson
Guðrún Elva Þorsteinsson
Ragnheiður Ösp S
Linn T. Hauken